



ORKUSTOFNUN

Jöklar og jökulbreytingar í Mýrdal

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-2004-03



Jöklar og jökulbreytingar í Mýrdal

Um jöklar og jökulnöfn

Jökulskjöldum Íslands var til forma ekki skipt í einingar af neinu tagi enda hafði það lítinn tilgang. Þegar fram liðu stundir og jöklar fóru að nálgast athafnasvæði manna urðu til nöfn á einstökum hlutum jöklanna, einkum Vatnajökuls en einnig Mýrdalsjökuls og Drangajökuls. Voru þeir þá gjarnan kenndir við vötn þau er frá þeim runnu, svo sem Höfðárjökull, Klifurárjökull og Skaftárjökull, eða við lönd þau sem þeir lágu að, til dæmis Sólheimajökull, Sandfellsjökull og Öldufellsjökull. Enn voru sumir jöklar kenndir við eðli sitt eða útlit svo sem Huldujökull, Falljökull og Sléttjökull. Sumir þessara jöklar hafa náttúruleg takmörk svo sem sjá má um Sólheimajökul sem rennur niður þróngan dal. Aðrir renna saman við jökulskjöldinn í heild svo þar sjást stundum engin skil. Nú á tímum hafa menn miklu betri sýn yfir jöklana og geta greint þá sundur í einstaka hluta eða skriðjöklar bæði með fjarkönnun og með mælingum á ísasviðum innan jölkupunnar. Þannig dylst nú engum að jökkull sá í Vatnajökli sem er milli Lakagíga að vestan og Hágangna að austan er ein samfelld heild sem tekur á skrið öll í einu þegar sá gállinn er á. Það hefði hins vegar þótt goðgá að kalla hann allan Síðujökul fyrir nokkrum áratugum og er ef til vill enn meðal heimamanna því að Síðan á aðeins land að vestari hluta jökultungunnar.

Aldrei hafa jöklar verið taldir mikil eign á Íslandi og fremur hafa þeir þótt illur granni sem ekkert gott leiddi af sér en margt illt. Hvergi á Íslandi eru jöklar jafn nærgöngulir við mannabyggð og í Austur-Skaftafellssýslu. Þar hafa heilu jarðirnar farið undir jökul og bæjarstæðin með. Í Vestur-Skaftafellssýslu fóru menn ekki heldur varhluta af verkum jöklanna. Kötluhlaup fyrri alda eyddu heilum sveitum á Mýrdalssandi.

Jöklar í Vestur-Skaftafellssýslu

Sýslumörk Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu liggja frá Sýslusteiini á fjöru vestan við Jökulsá á Sólheimasandi og í Sýslulæk vestan við Hestaþingsháls um nær þurrt gil sem enn heitir Jökulsárgil. Þaðan liggja mörkin milli Litlafjalls og Skógfjalls og áfram um Jökulsárgil í jökul. Á jöklum hefur enginn hirt um að skilgreina sýslumörk nákvæmlega. Úr jöklum ganga sýslumörk um Mælifell og Strút í Torfajökul og þaðan um Hábarm í Kirkjufellsós. Svo ræður Tungná mörkum upp í Vatnajökul. Mörkin við Austur-Skaftafellssýslu ganga yfir Súlujökul í Skeiðarárjökli og svo upp með jökuljaðrinum um Súlutinda og inn á jökul úr Grænafjalli.

Þessir jöklar í Vestur-Skaftafellsýslu hafa hlotið nafn á ýmsum öldum, en flest eru þau nýleg:

- Austurjökull (sama og Mýrdalsjökull)
- Austurjökull (ekki jökkull heldur hlauphólar austan Múlakvíslar)(sama og Litli-Jökull)
- Botnjökull (í Mýrdalsjökli)
- Grænalónsjökull (í Vatnajökli)
- Hafursárjökull (í Mýrdalsjökli)
- Huldujökull (í Mýrdalsjökli)
- Hvítjökull (í Mýrdalsjökli) (sama og Huldujökull)
- Höfðabrekkjökull (í Mýrdalsjökli) (sama og Kötlujökull)
- Höfðabrekkjökull (ekki jökkull heldur hlauphólar vestan Múlakvíslar)
- Höfðajökull (sama og Mýrdalsjökull)
- Höfðárjökull (sama og Mýrdalsjökull)
- Jökkull (ekki jökkull heldur hlauphólar norðaustan Hafurseyjar)

Jökulsárgilsjökull (Mýrdalsjökli)
 Klifurárjökull (Mýrdalsjökli)
 Kötlugjárjökull (sama og Mýrdalsjökull)
 Kötlujökull (sama og Mýrdalsjökull)
 Kötlujökull (í Mýrdalsjökli)
 Lambajökull (ekki jökull heldur hlauphólar austan Hjörleifshöfða)
 Lágjökull (ekki jökull heldur hlauphólar í Lágeyjarhverfi)
 Litlijökull (ekki jökull heldur hlauphólar austan Múlakvíslar)(sama og Austurjökull)
 Mælifellsjökull (sama og Sléttjökull)
 Sandfellsjökull (í Mýrdalsjökli)
 Síðujökull (í Vatnajökli)
 Skaftárjökull (í Vatnajökli)
 Sléttjökull (Mýrdalsjökli)
 Sólheimajökull (sama og Mýrdalsjökull)
 Sólheimajökull (Mýrdalsjökli)
 Thoroddsen-Gletscher (í Mýrdalsjökli)
 Torfajökull
 Tungnárjökull (í Vatnajökli oft ritað Tungnaárjökull)
 Öldufellsjökull (í Mýrdalsjökli)

Nokkrar breytingar hafa orðið á nöfnum jökla í aldanna rás og ekki eru nöfnin notuð eins í öllum tilvikum í sveitunum umhverfis jöklana. Ekki er nöfnin annars staðar jafn fjölbreytileg og í Mýrdalsjökli og nafnaruglingur hvergi meiri. Nú er orðið föst venja að kalla meginjökulskjöldinn Mýrdalsjökul. Ljóst er að höfundur Njálu kallaði Mýrdalsjökul Eyjafjallajökul og sú venja hefur haldist a.m.k. í Rangárvallasýslu fram á 20. öld (sjá m.a. Jón Jónsson 1968 og þjóðsögur Þorsteins Erlingssonar). Sveinn Pálsson náttúrufræðingur hafði samheitið Eyjafjallajökull á allt jökulsvæðið frá Vestur-Eyjafjöllum austur á Mýrdalssand.

Nauðsyn er að festa jökulnöfn til að koma í veg fyrir misskilning. Alla s.l. öld hefur meginjökökullinn austur á Mýrdalssand verið kallaður til skiptis Kötlujökull og Höfðabrekkujökull á kortum Landmælinga Íslands. Æskilegt er að festa nafnið Kötlujökul á þennan skriðjökul (Oddur Sigurðsson 1999). Honum er gjarnan ruglað saman við Höfðabrekkujökul sem er aur- og jarðvegshaugar er mynduðust aðallega í Kötluhlaupinu 1721. Nú er þar flugvöllur og allir heimamenn beggja vegna Mýrdalssands þekkja hann undir þessu nafni. Botnjökull hefur verið merktur í norðausturhorni Mýrdalsjökuls á nýlegum kortum en það er sennilega á misskilningi byggt því að engir heimamenn kannast við þessa nafngift og gömul hefð er fyrir því að kalla norðvesturhluta Mýrdalsjökuls Botnjökul (sjá Sveinn Pálsson 1945 og Þorvaldur Thoroddsen 1932).

Til umfjöllunar í þessari greinargerð er suður- og suðausturhlið Mýrdalsjökuls frá mörkum Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu við Jökulsá að afrétti Álfveringa austan við Moldheiði. (Að því er virðist falla ekki saman afréttarmerkin á kortum og afréttargirðingin norðan Hafurseyjar.)

Jöklabreytingar á sögulegum tíma

Um flestalla jökla á Íslandi gildir að þeir voru miklu minni um landnám en þeir eru á okkar dögum nema Sólheimajökull. Ljóst er að Mýrdalsjökull var til á söguöld enda vitnað til hans beint og óbeint bæði í Landnámu, Njálu og Biskupasögum að vísu undir öðrum nöfnum.

Líkur benda til að jöklar hafi færst í aukana snemma á öldum Íslandsbyggðar en líklega tekur steininn úr á 15. til 17. öld þegar hin svokallaða litla ísöld gekk í garð. Jöklar halda áfram að vaxa en þó ekki eins ört fram undir lok 19. aldar þegar þeir náðu hámarki í kringum 1890. Framan af 20. öld dragast þeir hægt saman. Á 4. áratug 20. aldar brestur á

óðabráðnun sem dvínaði hægt fram á hafisárin á 7. áratugnum. Þá taka jöklar aftur að ganga fram um rúmlega tveggja áratuga skeið. Síðan 1995 hafa jöklar rýrnað geysilega.

Engir jöklar á Íslandi hafa á sögulegum tíma orðið fyrir öðrum eins áföllum og Mýrdalsjökull. Eldgos í Kötlu hafa á hverri öld brætt ókjör af ís, allt að tíunda hluta af rúmmáli jöklusins í mestu gosunum. Þetta vatn hefur fallið frá jöklinum í Kötluhlaupum. Af þessu leiðir að sporðar skriðjöklanna hafa ekki hreyfst í samræmi við loftslag nema um stutt skeið á hverri öld og jafnvel ekki öldum saman. Landslagsbreytingar á eldstöðinni Kötlu kunna einnig að hafa verið svo miklar á fyrrri öldum að þær hafi deilt ísstraumum niður til skriðjöklra á annan hátt en nú er. Þetta eru líklegustu ástæður þess að Sólheimajökull virðist hafa verið á allt öðru róli en aðrir jöklar landsins. Tuttugasta öldin sker sig úr að þessu leyti enda eru nú liðin 86 ár síðan Katla gaus síðast.

Þorvaldur Thoroddsen (1932) rannsakaði sporða jöklanna sem hér um ræðir sumarið 1893. Hann hefur haft upplýsingar um breytingar á sporði Sólheimajökuls sem ekki eru allar tilgreindar í ritum hans. Árið 1783 náði jökulsporðurinn ekki fram fyrir kjaft Jöklusárgils og rann Jöklusá þá ekki undir jökul heldur beint fram úr gilinu. Þorvaldur getur ekki heimildar fyrir þessu en greinilegt er af lýsingu Jóns Steingrímssonar frá 1788 (sjá neðar) að þá var Sólheimajökull miklu styttri en tæpri óld áður. Þá hefur verið gengt af sandinum upp í Hvítmógu, sem er afréttarland Sólheiminga, eins og síðar varð í nokkur ár upp úr miðri 20. öld. Árið 1860 stóð jökulsporðurinn miklu framar, stíflaði gilið og huldi Jökulhaus. Þorvaldur segir jökuljaðarinn 1893 hafa hopað mikið frá því 1860. Allar eru þessar lýsingar sennilegar miðað við það sem vitað er um Kötlugos og -hlaup á 18. og 19. öld.

Þorvaldur segir enn fremur framgang í Kötlujökli árið 1893 og ekki séu merki um að hann hafi nokkru sinni verið stærri en þá. Í Kötlugosinu 1918 varð jökullinn fyrir miklum afföllum eins og jafnan við gos og hlaup. Jökullinn hefur verið tugi ára að jafna sig eftir áfallið. Ekki síðar en um 1970 er hann þó farinn að ganga fram í takt við Sólheimajökul sem og aðra jöklar landsins. Jafnvægi var því komið á milli viðgangs jöklusins og loftslags á um eða innan við hálfrí óld.

Jón Eyþórsson veðurfræðingur hóf árlegar sporðamælingar á Sólheimajökli, árið 1930. Hefur þeim verið haldið áfram síðan með litlum sem engum hléum. Jökullinn hopaði mjög örт framan af tímabilinu en hægar er kom fram yfir miðja óldina. Stöku sinnum á því tímabili gekk hann lítið eitt fram. Nam samanlagt hop um einum kílómetra frá 1930-1969. Eftir hafisárin á 7. áratugnum gekk jökullinn fram um 500 metra á aldarfjórðungi til 1995. Eftir það hefur hann hopað allört. Þessar mælingar hafa verið á vegum Jöklarannsóknafélags Íslands síðan 1951. Ljóst er að undanfarin 50 ár a.m.k. hafa breytingar á Kötlujökli verið mjög í sama dür og á Sólheimajökli. Hvernig þeim hefur verið háttáð á undanförnum öldum er vandséð vegna þess hve ofsalegum breytingum Katla hefur valdið á jöklinum þannig að loftslag hefur haft tiltölulega lítið að segja um útlit jöklusins.

Allir jöklar landsins minnka nú sem óðast og er spáð að því haldi fram alla nýbyrjaða öld.

Fúllilækur – Jöklusá á Sólheimasandi

Landnáma segir svo frá að Jöklusá á Sólheimasandi, sem áður hét Fúllilækur, skilji að landsfjórðunga. Áin hefur því aðeins á upphafssöld Íslandsbyggðar heitið Fúllilækur en æ síðan Jöklusá. Um það eru Sturlubók og Hauksbók sammála. Fúllalækjarnafnið kemur síðan fyrir endrum og eins í heimildum en hefur lifað fram á þennan dag. Í flestum tilvikum eru nöfnin notuð sem samheiti á ánni.

Tvö Jöklusárgil eru á þessum slóðum. Annars vegar milli Skógfjalls og Hvítmógu og hins vegar vestan við Hestapingsháls. Sýslumörk liggja eftir þessum giljum báðum og svo upp á Mýrdalsjökul. Jöklusá hefur yfirgefið Jöklusárgil neðra en er enn í því efra. Árni Magnússon (1955) ritar í Chorographica Islandica að niður þetta „*gljúfragil* [Jöklusárgil á korti hans] fellur ein jökulkvísl inn undir jöklinum [sporð Sólheimajökuls] norðantil. Kemur

*hún so fram undan jöklínun sunnan til, fallandi so sem gegn um einn ræsir. Þessi ræsir teppist á stundum. Er þá Jökulsá fyrir sunnan jöklínn minni en vanalega.“ Enn fremur segir þar: „*Það sem heitið hefur Fúlilækur, er sú vestari Jökulsárkvíslin, sem fram undan jöklínun kemur. Eystri kvíslin hefur til fárra ára dálítil verið, so sem lítil árspræna, tók og engum sérlegum vexti. Hér um 1690 kom í hana vöxtur, sem síðan haldizt hefur, so hún er nú miklu meiri en sú vestari eðlilega.*“ Litlu neðar segir enn: „*Sunnan undir Sólheimajökli, í tungunni milli eystri kvíslarinnar og þeirrar, sem undir jöklínn rennur, heitir Hestapingsháls.*“*

Þetta er aðalheimildin fyrir því hvenær Jökulsá breytti um farveg. Sýslumörk fylgdu ekki ánni þegar hún flutti sig. Svo virðist sem Árni telji nafnið Fúlalæk eiga við kvíslina sem rann vestan við Hestapingsháls trúlega vegna þess að svo hét hún í öndverðu þegar hún skipti landsfjórðungum. Fýlan af ánni stafar hins vegar af vatni sem komið er undan Sólheimajökli og hefur runnið alllangan spöl undir honum. Um fýlu af Jökulsá í Jökulsárgili milli Hvítmógu og Skógfjalls er hvergi getið. Þau skömmu tímabil sem jökullin lokaði ekki fyrir Jökulsárgil var greinilegt hvaðan lyktina lagði. Árni tekur til þess að fyrrum komu hlaup ekki í eystri kvíslina („.... tók og engum sérlegum vexti.“).

Árið 1788 lítur Jón Steingrímsson (1907-1915) svo á að Fúlilækur komi undan sporði Sólheimajökuls og falli síðan saman við Jökulsá: „*Fúlilækur er og annað vatn, sem rennur í hana [Jökulsá] austanvert úr jöklínum hjá Sandfelli [Jökulhaus?] sem nú sést þar, er allt var þakið með jöklí fyrir 90 árum til baka að reikna*“ (bls. 197). Byggir Jón þessa skoðun sína á að ótrúlegt sé að Sunnlendingar hafi kallað Jökulsá „læk“. Lítur helst út fyrir að það stangist á við það sem Árni Magnússon segir.

Gamli farvegurinn vestan við Hestapingsháls heitir enn þá Jökulsárgil og í honum rennur Sýslulækur enda eru þar eins og áður getur sýslu- og landsfjórðungamörk. Áfram heitir Jökulsárgil upp á milli Skógfjalls og Hvítmógu og fylgia þar sýslumörkin. Engar heimildir eru mér kunnar fyrir því að Jökulsá hafi runnið frá jöklí annars staðar en í Jökulsárgili þótt hún hafi lengst af þurft að bregða sér undir sporð Sólheimajökuls til að komast leiðar sinnar.

Sólheimajökull og Kötlujökull

Saga Sólheimajökuls stingur svo í stúf við sögu annarra jöklra á landinu að það krefst sérstakrar umfjöllunar þótt mikið eigi eftir að rannsaka kringumstæður áður en öll kurl eru komin til grafar.

Mörk Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu sunnan jöklra eru sérstæð fyrir það að þau falla að hluta eftir smálæk eins og áður segir. Varla er ástæða til að ætla annað en að í upphafi hafi sýslumörkin, sem jafnframt voru mörk milli Sunnlendinga- og Austfirðingafjórðungs, verið um megin vatnsfallið en það er Jökulsá. Árni Magnússon getur þess á lausum blöðum, sem voru gefin út undir nafninu Chorographica Islandica (1955), að Jökulsá hafi vikið úr farvegi sínum Jökulsárgili vestan við Hestapingsháls um árið 1690. Hefur hún haldið sig þar til þessa dags og engar líkur virðast á að hún snúi til baka í bili. Ekki er unnt að benda á aðra ástæðu fyrir þessu en að Sólheimajökull hafi fyllt svo dalinn milli Hestapingsháls og Loðmundarsætis að hann hafi vikið ánni vestur fyrir hálsinn. Rannsóknir benda til þess að jöklínn hafi skroppið saman á „litlu ísöld“ meðan aðrir jöklar á landinu gengu fram (Dugmore og Sugden 1991). Líklegast er það vegna breytinga á landslagi undir jöklínun vegna umbrota Kötlu og ofsayrðunar jöklisins við Kötlugos að jafnaði tvisvar á öld á sögulegum tíma. Þorvaldur Thoroddsen (1932) rakti það sem hann varð áskynja um breytingar á Sólheimajökli fram undir aldarmót 1900 eins og að ofan segir.

Ljóst er að tveir meginjöklar Mýrdalsjökuls, Sólheimajökull og Kötlujökull, hafa hegðað sér mjög líkt seinni hluta 20. aldar (Oddur Sigurðsson 1996) en allar líkur eru til að saga þeirra hafi verið samtengd með öfugum formerkjum á undanförnum öldum þannig að sá síðarnefndi stækkaði á kostnað þess fyrrnefnda þegar eldgos undir jöklínun breyttu landslagi

þannig að ísaskila á jöklinum færðust til. Sá hængur er þó á að Katla hefur með eldgosum sínum brætt svo mikinn ís hið efra í Kötlujökli að varla er mögulegt að átta sig á sögulegum breytingum hans nema með miklum rannsóknum.

Aðrir jökulsporðar í Mýrdal

Helstu jökulsporðar í Mýrdal frá vestri talið eru í Jökulsárgili (endar í 520 m y.s.) (hefur verið kallaður Jökulsárgilsjökull á prenti), Sólheimajökul (110 m y.s.), Klifurárjökull (320 m y.s.), við upptök Hafursár (400 m y.s.) vestan Gvendarfells (sá sem Þorvaldur Thoroddsen kallaður Hafursárjökul), við Mosakamb (340 m y.s.) (hefur verið kallaður Thoroddsen-Gletcher á prenti), nafnlaus í Raufargili (500 m y.s.) og Kötlujökul (200 m y.s.) (hæðartölur tekna af svokölluðum DMA-kortum í mælikvarða 1:50.000). Flestir þessara jöklar renn út frá Háubungu sem er yfir suður brún öskjunnar miklu í Mýrdalsjökli og hefur askjan verið kennið við Kötlu.

Fjallshlíðin vestan í Jökulsárgili hrundi yfir jökulinn sennilega haustið 1972 og hefur urðarkápan tafið talsvert bráðun jökulsins (Oddur Sigurðsson og Richard S. Williams, Jr. 1991).

Sá af ofan nefndum jöklum sem kallaður hefur verið Thoroddsen-Gletcher klofnar um líttin fjallshrygg, Mosakamb, og rennur úr eystri álmunni í Kerlingardalsá en úr þeiri vestari í Hafursá. Líklega hopar jökuljaðarinn þar svo mikið á næstunni að vatn hættir að renna úr jöklinum í aðra hvora ána og eykst þá jafnframt vatn í hinni ánni. Ekki hefur verið gáð að hvoru megin hryggjar vatnið lendir.

Kötlujökull liggar nú fram á Moldheiði sem hefur verið mikilvægt landamerkjamið um langan aldur. Þorvaldur Thoroddsen lýsir ekki þessum móbergshæðum og er því trúlegt að þær hafi verið huldar jöklar jögar hann var á ferð þar 1893.

Hve örugg er vitneskja okkar um jökuljaðra í Mýrdal á liðnum öldum

Mjög örðugt er að segja til með vissu um legu jaðars Mýrdalsjökuls á landnámsöld en fullvist má telja að jökullinn hafi verið til. Óvissan getur skipt fáeinum kílómetrum. Ýmis gögn má tína til um breytingar á jöklunum síðustu 3-4 aldir sem sýna að þeir hafa flest í aukana fram undir aldamótin 1900 þó með smá hléum og jafnvel hopi skamman tíma í senn (Sigurður Þórarinsson 1943 og Oddur Sigurðsson í prentun). Ljóst er að Sólheimajökull er undantekning í þessu efni eins og áður segir. Eflaust á það sama við um Kötlujökul en af honum fer síður sögum.

Árin 1904-1907 léti herforingjaráð Dana mæla fyrir kortum í Vestur-Skaftafells- og Rangárvallasýslu og má treysta þeim mælingum á helstu jökulsporðum svo ekki skakkar meiru en 100 m.

Jón Eyþórsson veðurfræðingur hélt úti árlegum mælingum á jökulsporðum víða um land frá 1930 og er þessum mælingum nú haldið áfram í umsjá Jöklarannsóknafélags Íslands og er hægt að afla upplýsinga úr gögnum félagsins um breytingar á Sólheimajökli (Oddur Sigurðsson 1998). Af þessum mælingum má í mörgum tilvikum sjá breytingar á jökulsporðunum upp á fáeina metra. Guðmundur G. Bárðarson (1934) tók saman ýmislegt um breytingasögu íslenskra jöklar þar á meðal Vatna- og Mýrdalsjökuls. Yfirlit um sögu þessara jöklar eftir Sigurður Þórarinsson birtist 1943.

Haustið 1945 og 1946 voru teknar loftmyndir af öllu landinu á vegum hers Bandaríkja Norður-Ameriku (AMS) og síðar gerð eftir þeim kort allnákvæm þótt mistök komi fram á þeim í nokkrum landshlutum. Á þeim ætti lega jaðars Mýrdalsjökuls ekki að skakka meiru en um 100 m að jafnaði á helstu sporðum en meiru hátt til fjalla. Defence Mapping Agency og Landmælingar Íslands gáfu út kort af Mýrdalsjökli 1990 en heimildir og gögn þar að lútandi fást ekki uppgefin þannig að jaðrar jökulsins á þeim kortum koma ekki að neinu gagni í þessu máli.

Útlínur Mýrdalsjökuls hafa verið skráðar að mestu eftir loftmyndum frá 1999 (Oddur Sigurðsson 2004). Þannig kort má gera eftir eldri og nýrri loft- og gervihnnattamyndum og fá þannig stöðu og breytingar jökulsins eftir hentugleikum.

Fjarkönnunargögn

Gögn sem nýtast mega til að skrá útlínur jöklanna í Álfavéri og Skaftártungu við gildistöku þjóðlendulaganna eru loftmyndir frá Landmælingum Íslands frá 1994 af öllu svæðinu og af hluta svæðisins frá 1990, 1992, 1995 og 1996. Loftmyndir ehf. eiga loftmyndir af hluta svæðisins frá 1999, 2000 og 2001. Á Orkustofnun eru loftmyndir höfundar þessara orða af hluta svæðisins frá 1985, 1995, 1996, 1999 og 2003 og mega þær vel nýtast til verksins. Eftir er að afla upplýsinga um gögn frá gervihnnöttum.

Heimildir:

- Árni Magnússon** 1955. Chorographica Islandica. Ritstj. Ólafur Lárusson. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta*, annar flokkur I, 2. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík
- Dugmore, Andrew J., og David E. Sugden** 1991. Do the anomalous fluctuations of Sólheimajökull reflect ice-divide migration? *Boreas*, **20**, 105-113.
- Guðmundur G. Bárðarson** 1934. Islands Gletscher. Beiträge zur Kenntnis der Gletscherbewegungen und Schwankungen auf Grund alter Quellenschriften und neuester Forschung. Reykjavík, *Visindafélag Íslendinga*, **XVI**.
- Jón Jónsson** 1968. Stóradalssókn. *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* 1839-1845, 1856 og 1872-1873. Ritstj. Árni Böðvarsson, Rangæingafélagið í Reykjavík, 49-69.
- Jón Steingrímsson** 1907-1915 (ritað 1788), I. Um Kötlugjá. Ritstj. Þorvaldur Thoroddsen, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*, IV, I, Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag, 190-199.
- Oddur Sigurðsson** 1996. Nýir mælistaðir. Fréttabréf JÖRFÍ nr. 56, apríl 1996, bls. 7-8.
- Oddur Sigurðsson** 1998. Glacier variations in Iceland 1930-1995. From the database of the Iceland Glaciological Society. *Jökull*, **45**, 3-25.
- Oddur Sigurðsson** 1999. Kötlujökull. Örnefni sem ber að festa. Orkustofnun, greinargerð, osig-99/06.
- Oddur Sigurðsson** 2004. Útlínur Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls. osig-2004/02, Orkustofnun 2004-10-13.
- Oddur Sigurðsson** í prentun. Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate. In *Iceland – Modern Processes and Past Environment*. Ritstjórar Chris Caseldine, Andy Russell, Óskar Knudsen og Jórunn Harðardóttir. Elsevier, London.
- Oddur Sigurðsson and Richard S. Williams, Jr.** 1991. Rockslides on the Terminus of "Jökulsárgilsjökull", Southern Iceland. *Geografiska Annaler* 73 A (1991) (3-4), 129-140.
- Sigurdur Thorarinsson** 1943. Vatnajökull. The scientific results of the Swedish-Icelandic investigations 1936-37-38. Chapter XI. Oscillations of the Icelandic glaciers in the last 250 years. *Geografiska Annaler*, **25** (1-2), 1-56.
- Sveinn Pálsson** 1945. *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. Snaelandsútgáfan hf., Reykjavík.
- Þorvaldur Thoroddsen** 1932. *Lýsing Íslands*. Jöklar. II. bindi Reykjavík, Sjóður Þorvaldar Thoroddsen.

Lykilord

Mýrdalur, Mýrdalsjökull, Katla, Sólheimajökull, Jökulsá á Sólheimasandi, Fúlilækur, saga, jökull, jöklabreytingar, jöklanöfn.